

REGLUGERÐ

um bann við tilteknum veiðum í Eyrarbakkabug.

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 1991 eru allar línu-, tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði fyrir Suðurlandi sem að vestan markast af 21°22'V og að austan af 20°40'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 15. nóvember 1991, fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 423 23. september 1991, um bann við tog- og dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps í Strandasýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 1. nóvember 1991 staðfest sameiningu Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps í Strandasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist að:

- sameining þessi skal taka gildi 1. janúar 1992.
- nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Broddaneshreppur.
- ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Broddaneshrepps, fari fram 7. desember 1991.
- fulltrúar í sveitarstjórn Broddaneshrepps skulu vera fimm.
- kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.